


Núverandi deiliskipulag: Samþykkt í sveitarstjórn þann 18.10. 2023

Skýringar:

- - - Mörk deiliskipulags breytingar
- ◆ Byggð hús
- Jarða/lóðamörk
- F Fristundalóðir
- L Landbúnaðarlóðir
- IB Íþróttasvæði
- Byggðar lóðir
- Óbyggðar lóðir
- 0.000 fm Flatarmál lóða í fm
- Byggingareitir
- 00 Númer lóðar
- Opið svæði
- Golfvöllur
- Stofnvegur
- Veghelgunarsvæði
- Vegir
- H Hreinsivirki



Breytt deiliskipulag:

Deiliskipulagsbreytingar þessar sem fengið hafa meðferð skv. 1. mgr. 43 gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í sveitarstjórn þann.....20

Samþykkt deiliskipulagsbreytinganna var auglýst í B-deild Stjórnartíðinda þann.....20

BLÁSKÓGABYGGÐ

Haukadalsvöllur 3B

Breyting á deiliskipulag

Mkv. 1 : 4.000 (A3)

29. október 2024

Endursk: 19. 11. 2024

Breyting á skilmálum:

Í gildandi deiliskipulagi er 2. gr. í kafla 5.4. DEILISKIPULAGSSKILMÁLAR FYRIR LANDBÚNAÐ bls. 15 er eftirfarandi:

2. gr. Á landbúnaðarsvæðinu er gert er ráð fyrir um 83.670 fm lóð, sem mun heita Haukadalsvöllur II í Bláskógabyggð. Á lóðinni er heimilt að reisa allt að 250 fm íbúðarhús, með mænishæð allt að 6 m. Þakhalli má vera á bilinu frá 12 til 30 gráður. Lögð skal áhersla á að húsið fari vel í umhverfi. Byggingarefni er að frjálsum vali.

2. gr. verður eftir breytingu eftirfarandi:

2. gr. Á landbúnaðarsvæðinu er gert er ráð fyrir um 83.670 fm lóð, sem mun heita Haukadalur 3B í Bláskógabyggð. Á lóðinni er heimilt að reisa íbúðarhús, ásamt aukahúsum s.s. gestahús, gróðurhús, hesthús og/eda geymslu/skemmu. Nýtingarhlutfall er 0,05 og heildar byggingamagn á lóðum/landspildum er að hámarki 1.500 m².

Öll hús og mannvirki skulu vera innan byggingareits. Mænishæð húsa á lóðinni má ekki vera meiri en 8 m frá botnplötu. Þakhalli má vera á bilinu 0 - 45 gráður. Byggingarefni er að frjálsum vali. Lögð skal áhersla á að öll hús og mannvirki falli vel að svipmóti lands og skal lita- og efnisval miða við náttúrulega liti í umhverfinu. Huga skal að heildaryfirbragði byggðarinnar á svæðinu.


Byggingarnefndarteikningum skulu fylgja drög að heildarskipulagi lóða, með öllum þeim mannvirkjum sem fyrirhugaðar eru á lóðinni.

Að öðru leyti gilda áfram skilmálar í aðalskipulagi og samþykktu deiliskipulagi

Deiliskipulagsbreyting:

Í samþykktu deiliskipulagi er gert ráð fyrir nýrri lóð sem heitir Haukadalsvöllur II og er 83.670 fm að stærð og á henni byggingareitur sem er 17.860 fm að stærð.

Í deiliskipulagsbreytingu þessari er gert ráð fyrir að lóðin heiti Haukadalur 3B og byggingareiturinn á lóðinni stækki og verði 36.650 fm að stærð. Stærð lóðarinnar er óbreytt.



Teiknað og hnitasett eftir loftmynd frá Loftmyndum ehf. Öll hnit eru is93 og hafa nákvæmni innan við metri í plani.

Pétur H. Jónsson skipulagsfr. arkitekt f.a.í.
Laugaveg 13 101 Reykjavík
Sími: 562-4140 ima@simnet.is